# Dalaveitur ehf.

## Ársreikningur 2023

Dalaveitur ehf.
Miðbraut 11
370 Búðardalur

kt. 590117-1880

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er uppbygging og rekstur ljósleiðaranets í Dalabyggð.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2023 námu 10,3 millj. kr. og hafa þær aukist um 55 þús. kr. frá fyrra ári eða um 0,5%.

Tap varð á rekstri félagins á árinu að fjárhæð 10,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi (2022; 9,0 millj. kr.) og eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 43,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Rekstur Dalaveitna ehf. er ekki sjálfbær á árinu 2023 frekar en síðustu ár eins og vísað er í skýrslum stjórnar og framkvæmdastjóra í fyrri ársreikningum. Rekstrarhæfi Dalaveitna ehf. er nú tryggt með framlagi eigandans, Dalabyggðar, og vinna hefur átt sér stað á árinu 2024 til að tryggja sjálfbærni rekstrar sbr. framangreint, m.a. með sölu ljósleiðarakerfis í eigu Dalaveitna ehf. til Mílu og munu áhrif þess koma fram í uppgjöri ársins 2024.

Stjórnarlaun voru greidd á árinu vegna 2023, samtals 186 þús. kr. (2022: 242 þús. kr.) auk 36 þús. kr. (2022: 47 þús. kr.) í launatengd gjöld. Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2023.

Dalabyggð er eini hluthafi félagsins með 100% hlutafjáreign. Hlutafé félagsins nam í árslok 15,5 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Dalaveitna ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Búðardal, 26. september 2024

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Dalaveitum ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Dalaveitna ehf. fyrir árið 2023 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningsgerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Borgarnesi, 26. september 2024

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Aðgangsgjöld | 2.b | 10.376.552 | 10.321.140 |
| | | 10.376.552 | 10.321.140 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 222.210 | 289.535 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 6.024.540 | 4.046.871 |
| Afskriftir | 3 | 3.374.063 | 3.374.063 |
| | | 9.620.813 | 7.710.469 |
| Rekstrarniðuhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 755.739 | 2.610.671 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 30.445 | 36.511 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 10.921.863) | ( 11.681.544) |
| | | ( 10.891.418) | ( 11.645.033) |
| **Tap ársins** | 4 | ( 10.135.679) | ( 9.034.362) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Veitukerfi | | 107.871.359 | 110.506.011 |
| Vélar, tæki og áhöld | | 217.018 | 542.515 |
| Fastafjármunir samtals | 3 | 108.088.377 | 111.048.526 |
| | | | |
| Birgðir | | 373.392 | 633.392 |
| Viðskiptakröfur | | 2.385.883 | 1.326.337 |
| Handbært fé | | 997.622 | 1.965.972 |
| Veltufjármunir samtals | | 3.756.897 | 3.925.701 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 111.845.274 | 114.974.227 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 15.500.000 | 15.500.000 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 59.116.211) | ( 48.980.532) |
| Eigið fé samtals | 4 | ( 43.616.211) | ( 33.480.532) |
| | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 5 | 69.715.971 | 70.639.447 |
| Langtímaskuldir samtals | | 69.715.971 | 70.639.447 |
| | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við hluthafa | | 78.309.724 | 71.052.932 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 5 | 6.578.158 | 5.938.215 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 857.632 | 824.165 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 85.745.514 | 77.815.312 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 155.461.485 | 148.454.759 |
| | | | |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 111.845.274 | 114.974.227 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | 4 | ( 10.135.679) | ( 9.034.362) |
| | | | |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 3 | 3.374.063 | 3.374.063 |
| Verðbætur og gengismunur | | 5.937.400 | 6.815.143 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | ( 824.216) | 1.154.844 |
| | | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | | 260.000 | 260.718 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 1.059.546) | 7.210.827 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 33.467 | 151.166 |
| | | ( 766.079) | 7.622.711 |
| | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | ( 1.590.295) | 8.777.555 |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 3 | ( 413.914) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 413.914) | 0 |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuld við hluthafa, breyting | | 7.256.792 | ( 1.662.823) |
| Afborgun langtímalána | | ( 6.220.933) | ( 5.592.798) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 1.035.859 | ( 7.255.621) |
| | | | |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 968.350) | 1.521.934 |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.965.972 | 444.038 |
| | | | |
| **Handbært fé í árslok** | | 997.622 | 1.965.972 |

# Skýringar

**1. Félagið**

Dalaveitur ehf. er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Miðbraut 11 í Dalabyggð. Starfsemi félagsins felst í uppbyggingu og rekstri ljósleiðaranets í Dalabyggð.

## Reikningsskilaaðferðir

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a.** Ársreikningur Dalaveitna ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b.** ***Innlausn tekna***

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af aðgangsgjöldum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við áskriftarsamning við notendur ljósleiðaratengingar. Tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning ef veruleg óvissa er um innheimtanleika þeirra.

**c.** ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Veitukerfi ........................................ | 40 ár |
| Vélar, tæki og áhöld ........................................ | 7 ár |

**d.** ***Birgðir***

Birgðir samanstanda af lagnaefni ljósleiðara og eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

**e.** ***Viðskiptakröfur***

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um að ræða endanlega afskrift.

**f.** ***Handbært fé***

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**3. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

| | Veitukerfi | Vélar, tæki og áhöld | Samtals |
|---|---:|---:|---:|
| Heildarverð 1.1.2022 ........................................ | 121.943.064 | 2.170.000 | 124.113.064 |
| Heildarverð 31.12.2022 ........................................ | 121.943.064 | 2.170.000 | 124.113.064 |
| Framkvæmdakostn. ársins umfram framlög og tengigjöld ...... | 413.914 | 0 | 413.914 |
| Heildarverð 31.12.2023 ........................................ | 122.356.978 | 2.170.000 | 124.526.978 |
| | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2022 ........................................ | 8.388.487 | 1.301.988 | 9.690.477 |
| Afskrifað á árinu ........................................ | 3.048.566 | 325.497 | 3.374.063 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 ........................................ | 11.437.053 | 1.627.485 | 13.064.540 |
| Afskrifað á árinu ........................................ | 3.048.566 | 325.497 | 3.374.063 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 ........................................ | 14.485.619 | 1.952.982 | 16.438.603 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2022 ........................................ | 110.506.011 | 542.515 | 111.048.526 |
| Bókfært verð 31.12.2023 ........................................ | 107.871.359 | 217.018 | 108.088.377 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll ........................................ | 2,5% | 15,0% | |

Vátryggingarverðmæti lausafjármuna félagsins er 2,8 millj. kr.

## 4. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 15,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 15.500.000 | ( 39.946.170) | ( 24.446.170) |
| Tap ársins | | ( 9.034.362) | ( 9.034.362) |
| Eigið fé 31.12.2022 | 15.500.000 | ( 48.980.532) | ( 33.480.532) |
| Tap ársins | | ( 10.135.679) | ( 10.135.679) |
| Eigið fé 31.12.2023 | 15.500.000 | ( 59.116.211) | ( 43.616.211) |

## 5. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Lán í ISK bundin vísitölu neysluverðs | 76.294.129 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 76.294.129 |
| Næsta árs afborganir | ( 6.578.158) |
| Langtímaskuldir samtals | 69.715.971 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2023 | 6.578.158 |
| Árið 2024 | 6.719.500 |
| Árið 2025 | 6.864.143 |
| Árið 2026 | 7.012.171 |
| Árið 2027 | 7.163.664 |
| Síðar | 41.956.493 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 76.294.129 |

Staðgreiðslutekjur Dalabyggðar, hluthafa félagsins, eru veðsettar fyrir langtímaskuldum Dalaveitna að fjárhæð 76,3 millj. kr.

## 6. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 50,7 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2017, nýtanlegt til 2027 | 1.146.504 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2018, nýtanlegt til 2028 | 6.314.573 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2019, nýtanlegt til 2029 | 12.089.742 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2020, nýtanlegt til 2030 | 10.473.082 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2021, nýtanlegt til 2031 | 11.127.903 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2022, nýtanlegt til 2032 | 9.500.473 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap 2023, nýtanlegt til 2033 | 10.572.670 |
| | 61.224.947 |